

4. gr.

Starfsfólki heimilishjálpar skal gefinn kostur á að sækja námskeið til þess að auka þekkingu sína á þessu sviði.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálpar fer eftir ákvörðun hreppsnefndar.

5. gr.

Hreppssjóður Miðneshrepps ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem starfsfólk á vegum heimilishjálparinnar kann að valda við störf sín, umfram það sem bætt er af sérstakri ábyrgðartryggingu, sem heimilshjálpin kaupir.

6. gr.

Fyrir heimilisþjónustu skv. reglugerð þessari og reglum sem hreppsnefnd setur þar um, skal sá sem hjálpar nýtur, greiða eftir gjaldskrá sem hreppsnefnd setur, þar sem tekið er tillit til tekna og annarra aðstæðna viðkomandi og kostnaður við hjálpinu. Skal taxti þessi breytast í samræmi við laun og framfæslukostnað.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslu, innheimtu og annað sem hún telur máli skipta í þessu efni.

7. gr.

Miðneshreppur annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar endurskoðast árlega með sama hætti og reikningar hreppssjóðs.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Miðneshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlöggum til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. mars 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurflugvelli.

1. gr.

Hámarkshraði ökutækja á öllum vegum lögsagnarumdæmis Keflavíkurflugvallar er ákveðinn 50 km á klukkustund, með þeim undantekningum, er í 2. gr. segir.

2. gr.

1. Á eftirtöldum vegum má hámarkshraði þó aðeins vera 35 km á klukkustund:
 - a. Alþjóðabraut milli gatnamóta Bogagötu og Flutningabrautar F og milli Suðurgötu og Grjótagötu.
 - b. Uppland.
 - c. Akbrautir gegnum íbúðahverfi sunnan Austurbrautar og austan Flugvallarveg, svo og austan Suðurgötu og norðan Austurbrautar.
 - d. Vesturbraut milli Vesturlands og Alþjóðabrautar.

- e. Brunmland milli Vesturbrautar og Alþjóðabrautar
- f. Víkingsgata.
- g. Holtagata og nafnlaus gata milli Suðurgötu og Norðurstrætis.
- 2. Á eftirtöldum vegum má hámarkshraði vera 70 km á klukkustund:
 - a. Grjótagata.
 - b. Vegurinn að fjarskiptastöðinni á Stafnesi frá vegamótum Bogagötu.
 - c. Alþjóðabraut milli Suðurgötu og Grænásafleggjara.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 1968 öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi fallin auglýsing um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurflugvelli nr. 407 frá 9. nóvember 1977.

Utánrikisráðuneytið, 17. mars 1980.

Ólafur Jóhannesson.

Helgi Ágústsson.

AUGLÝSING

um umferð á Sauðárkróki.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Sauðárkróks eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Sauðárkróki:

- I. Aðalbrautir:
 - a) Skagfirðingabraut, Aðalgata og Eyrarvegur,
 - b) Sæmundargata,
 - c) Hegrabraut milli Sæmundargötu og Skagfirðingabrautar,
 - d) Sæmundarhlíð að Skagfirðingabraut,
 - e) Sauðárhlíð að Sæmundarhlíð,
 - f) Freyjugata skal hafa aðalbrautarrétt gagnvart Knarrarstíg og Skólastíg.
- II. Einstefna:
 - a) á Kirkjutorgi frá suðri til norðurs,.
 - b) frá Skagfirðingabraut inn á Faxatorg við Búnaðarbankahús til vesturs.
- III. Stöðvunarskylda:
 - a) af Kirkjutorgi inn á Aðalgötu,
 - b) af Sævarstíg inn á Aðalgötu.
- IV. Bann við bifreiðastöðum:
 - a) á Aðalgötu vestanverðri frá Kaupvangstorgi að kirkju,
 - b) á Skagfirðingabraut vestanverðri,
 - c) á Sævarstíg beggja vegna,
 - d) á Ránarstíg beggja vegna frá Freyjugötu að Skagfirðingabraut,
 - e) á Bárustíg norðanverðum frá Hólavegi að Skagfirðingabraut,
 - f) á Öldustíg sunnanverðum frá Hólavegi að Skagfirðingabraut,
 - g) á Freyjugötu austanverðri frá húsinu nr. 1 (Björk) að Ránarstíg.